

# **ERTU AÐ FARA Í FRÍ?**

Hvort sem ferðin  
er innanlands eða  
erlendis þá eru  
ákveðin atriði sem  
þú þarft að hafa  
í huga



# Áður en haldið er af stað



**Tryggðu öryggi heimilisins meðan ferðin  
stendur yfir. Lykilatriði er að láta líta út  
fyrir að þú sért heima.**

- Láttu allt líta eðlilega út, skildu t.d. við gluggtjöldin eins og þú átt vanda til.
- Bréfalúga með pósti getur vakið athygli þjófa. Fáðu einhvern til að taka póstinn daglega. Sumir hætta að fá póst sendan heim.
- Þú gætir jafnvel sett tímaskynjara á útvarpið eða ljósin, þá kvíknar og slökknar á þeim á viðeigandi tíma.
- Fáðu einhvern til að líta eftir húsinu, svo gera megi ráðstafandir t.d. ef rúða brotnar eða rör springur. Sumir láta slá grasið eða moka snjóinn meðan þeir eru í burtu. Ekki hafa stiga á glámbekk, slíkt auðveldar innbrot.
- Sumir koma verðmætum hlutum fyrir á öruggum stað, t.d. í bankahólf.
- Hægt er að skrá hluti í *Crime-on-line* skrána á netinu, sjá [www.lr.is](http://www.lr.is).
- Ekki lesa inn á símsvara að þú sért ekki heima. Sumir flytja símtalið í annan síma.
- Vertu viss um að hurðir og gluggar séu lokaðir með öruggum læsingum, líka í geymslunni. Kveiktu á öryggiskerfinu ef þú hefur slíkt.


Biddu nágranna að leggja í stæðið hjá þér á nóttunni, og setja rusl í ruslatunnuna svo hún sé ekki tóm. Láttu allt líta út eins og þú sért heima, það færir þjófa frá.

# Að pakka niður



Það tekur tíma að skipuleggja ferðina, s.s hvert á að fara, hvar á að gista og hvernig skal ferðast. Góður undirbúningur getur komið í veg fyrir afbrot og aukið möguleikana á ánægjulegri og eftirminnilegri ferð.

- Taktu til í peningaveskinu áður en þú leggur af stað. Reyndu að nota kreditkort eða ferðatékka frekar en peninga ef það er mögulegt.
- Geymdu peninga/peningaveskið nálægt líkamanum og helst í innanklæðavasa/veski. Ekki hafa alla peninga/kort á sama stað.
- Hafðu eins lítinn farangur og mögulegt er. Mikill farangur er byrði og þú verður varnarlausari ef þú ert rænd(ur).
- Dýr merkjvara getur dregið athyglina að þér. Hafðu ferðatöskuna látlusa í stað þess að draga athyglina að farangri þínum.
- Skrifaðu hjá þér hvað er í ferðatöskunum. Geymdu verðmæti í handfarangri.
- Sértu með ferðatryggingu, mundu þá eftir neyðarkortinu, en það færðu hjá vátryggingafélagi þínu. Ætlir þú að ferðast innan Evrópska efnahagssvæðisins/EES er ráðlagt að hafa meðferðis sjúkratryggingavottorðið E-111 frá Tryggingastofnun ríkisins.



# Að leggja af stað



Þegar þú hefur tryggt öryggi heimilisins og gengið frá farangri er tími til kominn að leggja af stað. Ferðamenn eru oft áttavilltir eða viðutan, hlaðnir farangri, halda á myndavélum, farmiðum og öðrum verðmætum, þess vegna freista þeir afbrotamanna. Besta ráðið er að falla inn í fjöldann og vera ekki áberandi.

- Hafðu ekki dýra muni eins og skartgripi, myndavélar, handtöskur eða annað þar sem það dregur athyglina að þér.
- Skoðaðu kortið áður en þú ferð út úr flugstöðinni eða bílnum.
- Farðu um fjölfarna og upplýsta staði, forðastu að stytta þér leið gegnum garða og dimm stræti.
- Læstu alltaf bílnum jafnvel þótt þú ætlir aðeins að stoppa stutt við. Ekki hafa verðmæti á áberandi stað og helst ekki geyma þau í bílnum. Ekki skilja eftir kort eða ferðabækur á mælaborðinu, geymdu það í hanskahólfinu eða þar sem það sést ekki.
- Mikilvægt er að börnin séu í bílstólum við hæfi og allir séu með öryggisbelti spennt.
- Lendir þú í vandræðum og veist ekki hvað þú átt að gera getur þú haft samband við næsta ræðismann eða sendráð.



Til að þola högg frá öryggispúða við árekstur þarf barn að vera orðið 140 sm og 40 kg.





Að ferðast með öryggi hefur einnig þá merkingu að fjölskyldan haldi hópinn og hafi alltaf auga með börnunum. Gættu þess að börnin viti ávallt hvar þú ert (nafn á hóteli og heimilisfang).

Einnig er gott að merkja yngstu börnin þannig að nafn þeirra komi fram, hvar þau dvelja og sími, þannig að hægt sé að ná í þig. Kenndu börnunum hvað þau eiga að gera ef þau týnast. Finnið heppilegan stað til að hittast á. Fyrir alla muni segðu börnunum að þiggja ekkert af ókunnugum og alls ekki bílfar.

**ÖRYGGI**

**ÁNÆGJA**

Láttu öryggi og ánægju  
vera einkunnarorð  
í fríinu þínu.

Góða ferð!

Lögreglan í Reykjavík  
og  
Samband íslenskra tryggingafélaga

